

FebSel

Stjórnarfundur 2.maí 2023.

Haldinn á Skólabraut 5. Kl. 16-16.55.

Mætt voru. Kristbjörg, Sigríður, Þóra, Inga, Helgi og Stefán, sem ritaði fundargerð. Ragnheiður ritari stjórnar boðaði forföll.

Formaður setti fund. Minnti á að hér eftir verða stjórnarfundir hálfsmánaðarlega nema annað verði ákveðið. Hvatti einnig stjórnina til að setja fram óskir um dagskrárliði stjórnarfunda.

Dagskrá:

1. **Dreifing afsláttarbókar** skipulögð eftir undirbúning Þóru. Stjórnin dreifir henni til félagsfólks.

2. **Framgangur mála-kynning formanns.**

Gönguhópur. Kristbjörg og Sigríður skýrðu frá aðdraganda að stofnun gönguhóps í gegnum Öldungaráð og í samstarfi við Guðlaug Jónsson framkvstj. Gróttu. Þetta er þróunarverkefni, gengið einu sinni í viku 40 min. og virknin þróuð smám saman. Sigríður leiðir fyrstu göngu 5.maí. Mæting hjá Gróttu og kaffi eftir göngu. Kynnt fyrir félagsmönnum. Fundarmenn fagna þessu og ræddu um frekara starf á þessu sviði.

Áskorun til bæjarstjórnar. Öldungaráð hefur rætt áskorun til bæjarstjórnar um stefnumörkun í húsnæðismálum eldra fólks á Seltjarnarnesi.

Snjalltölvunámskeið. Samstarf við Bókasafn Seltjarnarness. Hefur verð auglýst og kynnt og ágæt viðbrögð komið fram. Fer fram í maí.

Nýir félagar, Formaður skýrði frá að 5 nýir félagar hefðu skráð sig í FebSel. Og mætti hugsanlega tengja það kynningu á námskeiðum.

3. **Félagsfundir.** Formaður lýsti reynslu af að koma á félagsfundi nú í vor en ýmsar aðstæður leiddu að því að svo verður ekki, en af þessu má læra. Í umræðum kom fram að gott væri að ræða félagsfundi varðandi mismunandi form og möguleika- fræðslufundi, skemmtifundi o.fl. einnig um hugsanlega samstarfsaðila s.s. tónlistarnema/Tónlistarskólann, hjúkrunarheimilið Seltjörn þar sem er stór salur með hljóðfæri (nafn Stefáns Stefánssonar nefnt) etv. heimsókn í Nesstofu og samstarf við Þorstein Gunnarsson og í hús Náttúruvinnu- og náttúrufræðisins undir leiðsögn. Þessi umræða mun halda áfram og hugmyndir þróaðar frekar.

Fundi slitið k. 16.55.

Stefán Bergmann skráði